



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólsögötu 7  
101 Reykjavík

Dalvík 27. febrúar 2020.

**Efni: Umsögn Dalvíkurbyggðar um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, mál nr. 29/2020.**

Í samráðsgátt stjórnvalda eru nú til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Byggðaráð Dalvíkurbyggðar fór yfir drögin á fundi sínum í dag og gerir eftirfarandi athugasemdir:

2. grein – Byggðaráð Dalvíkurbyggðar styður aukna notkun fjarfundarbúnaðar á sveitarstjórnarfundum og öðrum fundum nefnda eins og skilgreint er í þessari grein.


4. grein - Í umsögn byggðaráðs Dalvíkurbyggðar um Grænbók, þann 13. júní 2019, benti byggðaráð á að það skorti rökstuðning fyrir því að sveitarfélag með fleiri en 1000 íbúa sé betur fallið til sjálfbærni eða geti betur sinnt lögbundnum verkefnum heldur en sveitarfélag með íbúatölu undir 1000. Ef setja eigi mörk um sjálfbærni sé eðlilegra að þau byggji á fjárhagslegum forsendum heldur en á fjölda íbúa. Einnig að mikilvægt sé að íbúar í sveitarfélagi hafi ákvörðunarvaldið um sameiningarmál en fjöldi sveitarfélaga verði ekki takmarkaður með boðvaldi.

12. grein - Í minnisblaði Byggðastofnunar frá 26. ágúst 2019 kemur fram í kafla 2. Aðgerðaáætlun 2019-2023:

„Veglegur fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er nauðsynlegur til að styðja við markmið um sameiningar sveitarfélaga. Mikilvægt sé að hann fái til þess sérstaka fjármögnun frá ríkissjóði svo ekki þurfi að skerða hefðbundin framlög sjóðsins til sveitarfélaga til að fjármagna sameiningarstuðning. Ef ekki kemur til sérstaks fjárstuðnings ríkissjóðs má ætla að sveitarfélög sem uppfylla stærðarmörk nú þegar, og ekki munu sameinast öðrum, verði fyrir skerðingu á framlögum vegna fjárstuðnings við þau sveitarfélög sem munu sameinast.“

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar tekur undir álit Byggðastofnunar og hafnar því að sveitarfélög sem ekki fara í sameiningarferli sæti skerðingu á framlögum úr Jöfnunarsjóði vegna sameiningar annarra sveitarfélaga. Tryggja þarf viðbótarframlög frá Ríki í Jöfnunarsjóð til að standa straum af kostnaði við sameiningar sveitarfélaga því það er fullkomlega óásættanlegt að fjármagn til þess sé tekið af fjármagni til annarra verkefna sem Jöfnunarsjóði er ætlað að fjármagna.

F.h. byggðaráðs Dalvíkurbyggðar

  
Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri  
